

Áveitan

10. tbl. 5. árgangur. Október 2011

Frjálsþróttæfingar

Frjálsþróttæfingar fyrir 5. bekk og eldri verða í Þingborg á þriðjudagskvöldum kl 18:30- 20:00 í vetur. Fyrsta æfingin verður núna þriðjudaginn 4. október. Þjálfari til að byrja með verður Guðmunda Ólafsdóttir á Hurðarbaki. Við hvetjum alla krakka til að mæta og njóta þess að hreyfa sig í góðum félagskap.

Æfingar fyrir 1.-4. bekk fara vel af stað en þær eru á miðvikudögum frá kl 12:35-13:55. Þjálfarar eru Örvar Rafn Hlíðdal og Sigrún Arna Brynjarsdóttir. Æfingarnar hafa hingað til verið úti á vellinum við Þjórsárver en fara nú með kólnandi veðri að færast inn í Þjórsárver og Þingborg.

Ungmennafélögin

Dansa, hvað er betra en að dansa?

Hugmyndir hafa komið upp um hvort halda eigi dansnámskeið í sveitinni í nóvember til að mæta með fersk spor á komandi þorrablót. Ekki er enn búið að festa niður tíma því fyrst þarf að vita hvort að einhver áhugi sé til staðar hjá sveitungum. Líklega yrðu þetta 4-5 skipti þar sem farið væri yfir gömlu-dansasporin og síðan flétt einhverju meiru inn í eins og t.d. jive og tjútt. Áhugasamir hafi sambandi við Laufey í síma 661-1123 eða sendið tölvupóst á laufey89@gmail.com í seinasta lagi fyrir 15. okt svo hægt sé að ákveða eitthvað frekar.

Öllum er velkomið að skrá sig, óháð félögum :)

Skemmtinefnd Umf. Vöku



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Velferðarþjónusta Árnesþings

Eins og sagt var frá í síðasta fréttabréfi þá hafa uppsveitir Árnessýslu, Flóahreppur, Hveragerði og Ölfus sameinast um að reka sameiginlega félagsþjónustu sem ber nafnið Velferðarþjónusta Árnesþings. Velferðarþjónustan verður með þrjár starfsstöðvar og einn sameiginlegan félagsmálastjóra og eina velferðarnefnd sem fer með málefni félagsþjónustu og barnaverndar. Félagsmálastjóri er María Kristjánsdóttir og er starfsstöð hennar í Hveragerði. Ráðnir hafa verið félagsráðgjafar/ráðgjafar á hverja starfsstöð þ.e. í Ölfus, Hveragerði og Laugarás. Félagráðgjafi og ráðgjafar stöðvana eru:

Eyrún Hafþórsdóttir, ráðgjafi Ölfusi sími 480-3800

Halla Dröfn Jónsdóttir, ráðgjafi Hveragerði sími 483-4000

Nanna Mjöll Atladóttir, félagsráðgjafi Laugarási sími 480-5300

Hægt er að ná í Mariu Kristjánsdóttur félagsmálastjóra í síma 483-4000 eða maria@hveragerdi.is. María mun vera með fasta viðveru á hverri starfsstöð og verður sá tími auglýstur síðar.

Í Velferðarnefnd Árnesþings sitja:

Aðalmenn:

Unnur Þormódsdóttir, formaður, Harpa Dís Harðardóttir, varaformaður, Jón Páll Kristófersson, Helena Helgadóttir og Alma Anna Oddsadóttir.

Varamenn:

Harpa Hilmarsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Birkir Sveinsson, Bjarney Vignisdóttir og Hörður Óli Guðmundsson.

Bólusetningar

Suðfjárnætur eru minntir á að láta bólusetja fé sitt.

Einnig eru íbúar minntir á að láta ormahreinsa hunda sína og ketti.

Til eigenda óskráðra hunda í Flóahreppi

Minnt er á skráningu hunda samkvæmt samþykkt um hundahald í Flóahreppi.

Skráningargjald er 1.500 kr. sem er innheimt í eitt skipti.

Allar frekari upplýsingar fást á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 7. september s.l. var lögð fram tillaga til

þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða frá

Iðnaðarráðuneytingu dags. 19. ágúst 2011.²

Sveitarstjórn fagnaði framkominni þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu

landsvæða og hvetur Alþingi til þess að afgreiða hana.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að gera það með þeim hætti að það geti verið grundvöllur að sátt að vernd og orkunýtingu landsvæða.

Einnig telur sveitarstjórn löngu tímabært að ríkisvaldið marki sér heildstæða stefnu til framtíðar varðandi virkjanakosti. Ef Íslendingar ætla að nýta með einhverjum hætti þá auðlind sem býr í fallvötnum og jarðhita er mikilvægt að hægt sé að vinna markvisst að slíkri uppbyggingu.

Kauptilboð í jörðina Yrpuholt

Á sama fundi var lagt fram kauptilboð í jörðina Yrpuholt dags. 11. ágúst 2011. Kauptilboðið hljóðaði upp á kr. 33.200.000. Sveitarstjórn samþykkti að gera gantilboð upp á kr. 38.000.000 staðgreitt.

Frímínútugæsla í Flóaskóla

Sveitarstjórn hefur samþykkt að fela skólastjóra, formanni fræðslunefndar og sveitarstjóra að leita samninga við nemendur 10. bekkjar um gæslu í frímínútum í Flóaskóla. Sveitarfélagið mun greiða styrk fyrir gæsluna sem rennur í ferðasjóð nemenda.

Þetta hefur m.a. verið gert í Hveragerði með góðum árangri.

Starfsmaður í félagsmiðstöð unglinga

Flóahreppur auglýsir eftir starfsmanni í hlutastarf til að sjá um félagsmiðstöð í Flóaskóla.

Félagsmiðstöðin er ætluð unglingum 8.- 10. bekkjar.

Leitað er að ábyrgum, jákvæðum, áhugasömum og hugmyndaríkum einstaklingi.

Viðkomandi starfsmaður ber ábyrgð á, skipuleggur og mótar dagskrá

félagsmiðstöðvar í samráði við æskulýðs- og tólmstundanefnd Flóahrepps.

Vinnutími er að mestu leyti seinni part dags og á kvöldin.

Hæfniskröfur:

Gerð er krafa um frumkvæði, jákvæðni, áhugasemi og góða samskiptahæfileika
Reynsla af vinnu í félagsmiðstöð æskileg

Menntun sem nýtist í starfi æskileg

Að öðru leyti er vísað í starfslýsingu fyrir starfsmanns félagsmiðstöðvar Flóahrepps
dags. 7. september 2011.

Allar frekari upplýsingar veitir Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri í síma 480-4370
frá kl. 9.00-13.00.

Skriflegum umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss eða
með tölvupósti á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Frestur til að skila inn umsóknum er til 6. október 2011. Starfslýsingu má nálgast á
heimasíðu Flóahrepps, <http://www.floahreppur.is/stjornsysla/gjaldskrar-og-samthykkir>

HAUSTFUNDUR KVENFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS

Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 10. október næstkomandi kl:20:30. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

P.S. Kaffíkonur: Anna Margrét, Elínborg, Ásdís, Helga B., Margrét Einars. Margrét Kristinsd. og Ingibjörg Einarsd.

Kvennasport

Smá breyting á tímum í kvennasporti í vetur: Tímar á mánudögum verða áfram í Þjórsárveri kl. 20:00-21:00 og tímar á miðvikudögum verða í ÞINGBORG kl. 20:00-21:00. Breytingin tekur gildi frá og með miðvikudeginum 12. október.

**Vona að þessi breyting henti sem flestum.
Nýjar konur velkomnar í hópinn!**

Hulda Kristjánsdóttir
Íþróttافرæðingur
gsm: 8663245
hulda@floaskoli.is

Tamning og þjálfun

Tökum að okkur hross í tamningu og þjálfun. Höfum mikla reynslu og erum útskrifaðir tamningamenn og reiðkennarar frá Háskólanum á Hólum.

Erum með aðstöðu á Þjórsárbakka í Flóahrepp.

Upplýsingar í síma 869-6906 og 847-9492.
Daniel Larsen og Rósa Birna Þorvaldsdóttir.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Haustfundurinn okkar verður haldinn fimmtudagskvöldið 13. október n.k. kl. 20.30. í Þjórsárveri.

Dagskrá:

1. Fundur settur.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
3. Farið yfir bréf sem borist hafa.
4. a) Skráning í utanlandsferðina
b) Framkvæmd og fyrirkomulag á markaðnum sem stefnt er að í haust.
5. Önnur mál.

Félagskonur eru hvattar til að fjölmenna á fundinn. Einnig eru nýjar konur hjartanlega velkomnar í kvenfélagið okkar. Mörg skemmtileg verkefni framundan. Gefandi og góður félagskapur.

Fyrir hönd stjórnar
Valgerður.

*Kaffikonur á haustfundi: Rósa Matthíasdóttir, Sólveig Þórðardóttir,
Valgerður Gestsdóttir, Þorbjörg Vilhjálmsdóttir.*

Prjónakvöld í Þjórsárveri

Kæru prjónakonur, ákveðið hefur verið að halda prjónakvöld í Þjórsárveri þriðjudagskvöldið 11. október kl. 20.30 til 22.30 og mánudagskvöldið 24. október kl. 20.30 til 22.30.

ALLAR prjóna- og hannyrðakonur í Flóahreppi eru velkomnar til að eiga með okkur notalega kvöldstund.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

Prjónafólk

Tek að mér að sauma rennilása í lopapeysur.

Guðrún

S 486-3326 , 863-9526

Krakkaborgarfréttir

Nú er aðlögun lokið hjá okkur og gekk hún mjög vel. Nýju börnin aðlagast leikskólalífínu vel og allt skipulagt starf er komið í gang. Börnin munu fara vikulega í sal Þingborgar í leikfimi ásamt því að fara vikulega í listir. Útínám verður með mesta móti hjá okkur í vetur þar sem börnin munu bæði vinna frjálst og í hópum sínum að verkefnum.

Tveir nýir starfsmenn hófu störf hjá okkur í september. Sólrún Ágústsdóttir og Bjarnheiður Jónsdóttir. Við bjóðum þær innilega velkomnar til starfa.

Nú höfum við tekið allt grænmetið upp sem við sáðum í vor og fengum við myndarlegar kartöflur, gulrætur og rófur. Allt bragðast þetta mjög vel því við vitum öll að það sem maður ræktar sjálfur bragðast alltaf best. Gulræturnar hafa verið vinsælastar og finnst börnunum best að borða þær nýuppteknar og höfum við því haft bakka á útsvæðinu með gulrótum þar sem börnin geta fengið sér sjálf og nartað í á meðan þau leika sér.

Foreldrakynning var hjá okkur í byrjun september en þá kynntu stjórnendur starf komandi vetrar. Kosið var í foreldraráð leikskólans og gáfu þær Helga Sigurðardóttir frá Stóra Ármóti og Ingunn Jónsdóttir frá Hallanda kost á sér áfram. Á fundinum var Ágúst Ólafsson frá Forsæti einnig kjörinn sem fulltrúi í foreldraráðinu.

Skólaheimsóknir elstu barna leikskólans eru hafnar að nýju og hefur þeim bæði verið fjölgað örlítið og hver stund er orðin aðeins lengri. Fram að áramótum munu börnin fara einu sinni í mánuði í Flóaskóla og tvisvar sinnum í mánuði eftir áramót. Börnin fara úr leikskólanum snemma að morgni þar sem þau hitta 1.bekkinga Flóaskóla og fara með þeim í leiki, útínám, fara í stöðvavinnu og í frímínútur. Allt er þetta liður í því að stuðla að samfelli í námi nemenda og brúa bilið á milli leik- og grunnskóla.

Við erum alltaf að bæta heimasíðu leikskólans og nú eru komnar inn starfsskýrslur og niðurstöður foreldrakönnunar sem var lögð fyrir foreldra í maí á þessu ári. Vorum við afar ánægð með niðurstöður foreldrakönnunarinnar og finnum að við erum á réttri leið með leikskólann okkar. Á slóðinni <http://leikskolinn.is/krakkaborg> má finna þessar skýrslur undir flipanum „Skólastarf“ ásamt því að finna fleiri upplýsingar um leikskólann og starfsemi hans.

Góðar stundir

Rannveig Bjarnfinnsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

Frá Flóaskóla

Nýkjöríð nemendaráð Flóaskóla hefur tekið til starfa en ráðið var kosið af nemendum í 8.-10. bekk. Formaður er Margrét Helga Steindórsdóttir í 10. bekk en með henni í ráðinu eru Halldór Bjarnason 10. bekk, Helga Margrét Höskuldsdóttir 9. bekk og Þorgils Kári Sigurðsson 8. bekk. Framundan eru spennandi tímar blómlegs starfs, bæði á skólatíma og utan hans. Tengiliður nemendaráðs við skólann er Sigrún Árnadóttir umsjónarkennari í 8. og 10. bekk.

Vinadagur var í skólanum í lok september en þá hittust vinabekkir og áttu saman skemmtilegar stundir við spil og leik. 1. bekkur og 6.-7. bekkur eru vinabekkir, 2.-3. bekkur og 8. bekkur eru vinabekkir, 4. bekkur og 9. bekkur eru vinabekkir og 5. bekkur og 10. bekkur eru vinabekkir. Markmiðið með vinabekkjum er að auka samstarf á milli aldurshópa, auka samkennd nemenda og ábyrgð eldri nemenda í samskiptum við þá yngri.

Í byrjun október sækja kennarar haustþing Kennarafélags Suðurlands sem að þessu sinni er haldið á Hvolsvelli. Þar gefst tækifæri til endurmenntunarnám-skeiða og fyrirlestra en einnig hittast kennarar af öllu Suðurlandi, bera saman bækur sínar og sækja í fróðleik hver hjá öðrum.

10.-14. október leggja 9. bekkingar land undir fót og fara í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal. Anna Þórný umsjónarkennari verður með í för ásamt fararstjóra úr hópi foreldra. Það er gaman að geta gert starf í skólabúðum að föstum lið í skólafarfinu því nemendur koma ætíð reynslunni ríkari til baka úr þannig ferðum.

Skólakynningar í 1.-5. bekk og 6.-10. bekk voru ágætlega sóttar, þó sérlega í yngri bekkjunum þar sem mæting var mjög góð. Á skólakynningum gafst foreldrum tækifæri til að koma í skólann á skólatíma, kynna sér námsefni og bekkjarstarf og hitta kennara og aðra foreldra. Nemendur tóku þátt í kynningunum í fyrsta skipti og voru ánægðir að fá svona marga foreldra í skólann á skólatíma. Tekið skal fram að foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til að fylgjast með kennslustundum og hitta starfsfólk.

Heimasíða Flóaskóla geymir ýmsar hagnýtar upplýsingar og eru foreldrar nemenda hvattir til að nýta sér hana til upplýsingaöflunar, auk þess að fylgjast með Mentor-skráningum og upplýsingapóstum. Samskipti verða sífellt meira rafræn, bæði vegna hentugleika og tímasparnaðar en einnig eru þau ódýrari og umhverfisvænni. Foreldrar verða einnig að fullvissa sig um

að upplýsingar um nemendur og aðstandendur þeirra séu réttar í Mentor, svo sem kennitölur, símanúmer og netföng. Þetta geta foreldrar skoðað þegar þeir skrá sig inn í Mentor.

Elsti árgangur Krakkaborgar kemur næst í heimsókn til okkar 19. október og hlökkum við til að hitta aftur þessa duglegu verðandi 1. bekkinga :-)

Með bestu kveðjum,

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri (kristin@floaskoli.is).

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Haustrundur

Haustrundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn í Félagslundi fimmtudagskvöldið 13. október kl. 20.30. Rætt verður starfið í félaginu í vetur og önnur venjuleg haustrundarstörf. Að loknum fundarstörfum seint á tíunda tímanum, kemur Halla Emilsdóttir og verður með kynningu á fötum frá Friendtex, þar sem allir eru velkomnir. Stjórnin mun sjá um veitingar, mætum nú vel á haustrund og nýir félagar innilega velkomnir.

Námskeið fyrir kvenfélögin í Flóahreppi

Fimmtudagskvöldið 27. október kl. 20.00 verður námskeið í brjóstsykursgerð í Félagslundi, Svandís Guðmundsdóttir mun leiða okkur í allan sannleika um hvernig við búum til þetta eðlnammi. Námskeiðið tekur 3 klst og búnar verða til nokkrar tegundir af brjóstssykri. Tilvalið með jólapakkann! Staðalbúnaður á þetta námskeið er svunta og skæri sem fólki er ekki annt um (ekki sníðaskærin!).

Námskeiðið er fyrir öll kvenfélögin í Flóahreppi, og kostar á mann kr. 4.000-. Vinsamlega látið vita um þátttöku ekki síðar en mánudaginn 24. október, á netfangið velli@emax.is eða í síma hjá Möggu á Velli, s 486 3377 eða gsm 846 9287. Mætum nú sem allra flestar og kynnumst skemmtilegu handverki.

Frá Villingaholtskirkju

Organistamál

Þann 30 september n.k. lætur Ingimar Pálsson organisti af störfum að eigin ósk. Við í sóknarnefndum Hraungerðis-og Villingaholtssókna viljum fá að senda bestu kveðjur og innilegar þakkir til Ingimars fyrir gott og mikið starf í okkar þágu á undanförunum árum og óskum honum velfarnaðar í framtíðinni.

Ingi Heiðmar Jónsson hefur verið ráðinn organisti við sóknirnar frá 1. október næstkomandi og bjóðum við hann velkominn til starfa til okkar.

Kóræfingar verða að venju á þriðjudagskvöldum kl.20.30 og hefjast æfingar 25. október en ekki hefur verið ákveðið hvar þær verða, en verður látið berast þegar nær dregur. Æfingatímabil verða 2 í vetur, þ.e. frá 25. október fram að jólum og aftur frá miðjum febrúar og fram að hvítasunnu. Allir eru hjartanlega velkomnir í kirkjukórinn og gaman væri að sjá ný andlit og heyra í nýjum röddum.

Messa

Messað verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 9. október n.k. kl. 13.30. prestur sr. Kristinn Á Friðfinnsson. Ingimar Pálsson mun spila a.m.k. forspil og Heiðmar tekur svo við. Við hvetjum ykkur sem allra flest til að koma og eiga góða stund í kirkjunni okkar.

Minningarkort

Minningarkort Villingaholtskirkju eru hjá Önnu Fíu í Skálatjörn s: 483 3570/ 848 3992, og hjá Sólveigu á Skúfslæk s: 482 2553/869 6534

Framkvæmdir við kirkjuna og kirkjugarðinn

Eins og hefur sennilega ekki farið fram hjá neinum, þá hafa verið framkvæmdir við kirkjuna í haust. Málning á gluggum og vindskeiðum var orðin flögnuð af og var farið í að mála það að nýju, þ.e. bæði á kirkju og aðstöðuhúsi. Sáluhlið var hreinsað upp og málað að nýju og var það kærkomin andlitslyfting. Í vor ákvað Búnaðarfélag Villingaholtshrepps að gefa kirkjunni í 100 ára afmælisgjöf aðstoð við jarðvegsskiptingu undir gangstíg í kirkjugarði og peninga að auki og mættu þeir svo með mikinn mannafla og marga traktora og unnu verkið hratt og vel. Bæði var mokað upp úr gangstígnum og svo keyrður sandur í að nýju og þjappað að lokum. Bestu þakkir kæru félagar í búnaðarfélaginu fyrir þessa ómetanlegu gjöf til kirkjunnar okkar. Nú stendur svo yfir hellulagning á gangstígnum og miðar því verki ágætlega. Að loknum þessum framkvæmdum verður allt annað yfirbragð yfir garðinum og vonum við í sóknarnefnd að sveitungum líki vel. Næsta vor verður svo farið í að setja einhverjar plöntur utanvert í garðinn. Í síðustu viku komu menn frá Biskupsstofu og lýstu yfir ánægju síni með framkvæmdirnar, sem voru að sjálfsögðu gerðar með þeirra samþykki.

f.h sóknarnefndar,

Sólveig Þórðardóttir **gjaldkeri**

Frá Umf. Vöku:

Árgjald Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2011. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Ég minni á að nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is
Kennitala Umf. Vöku 471077-0389
Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Vaka75 ára, afmælisritið í vinnslu

Stjórn og ritnefnd vinna nú að gerð afmælisrits í tilefni að 75 ára afmæli Umf. Vöku fyrr á þessu ári. Ritið verður létt blanda af fróðleik og skemmtiefni og vonandi prýtt mörgum myndum úr starfi félagsins. Bláðið verður unnið af heimamönnum eins og kostur er en sett upp og prentað annarsstaðar. Því fylgir óneitanlega nokkur kostnaður og því er enn opið fyrir einstaklinga og fyrirtæki að styrkja útgáfuna. Fyrirtæki geta einnig komið að auglýsingum ef óskað er, gegn gjaldi. Félagsmenn sem luma á gömlum myndum eða öðru efni sem gæti sómt sér vel í blaðinu eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Fanneyju sem allra fyrst. Einnig mættu krakkar á félagssvæðinu gjarnan senda inn efni, sögu, teikningu eða annað.

Áætlað er að dreifa blaðinu á öll heimili á félagssvæði Vöku og einnig til allra félagsmanna sem búa utan svæðis. Aðrir sem áhuga hafa að eignast eintak er velkomið að hafa samband við Fanneyju, þannig er hægt að gera sér í hugalund hversu mörg eintök þarf að prenta.

Aðalfundur Leikdeildar Vöku

Aðalfundur Leikdeildar Vöku verður haldinn sunnudaginn 23. október kl 20:30 í fjárhúsinu í Egilsstaðakoti. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og farið verður yfir síðasta leikár. Einnig verður komandi leikár rætt og ný verkefni. Við hvetjum alla þá sem hafa snefil af áhuga fyrir leiklist til þess að mæta og koma skoðunum sínum á framfæri eða bara hlusta á og hafa gaman. Búningar verða á staðnum.

Leikdeildin

Frá kirkjukór Hraungerðis– og Villingaholtskirkna

Kóræfingar

Á þriðjudagskvöldið, þe. 4. október kl. 20.30 verður fyrsta æfing kórsins í Villingaholtskirkju til að undirbúa messusöng sunnudaginn 9. október kl.13.30 í sömu kirkju. Nýir félagar velkomnir.

Æft verður á þriðjudögum í vetur.

Söngkvöld

Söngkvöld verður í Þjórsárveri fyrsta vetrardag, laugardaginn 22. október.

Húsið verður opnað kl. 19.30 en skemmtunin hefst 20.30.

Sögumaður verður Ingi Hans Jónsson

Söngstjóri: Ingi Heiðmar Jónsson

Taktu gestinn með á samkomuna því margur er rámur en syngur samt.

Kvígur til sölu

Til sölu 4 kelfdar kvígur í Ferjunesi

Burður um mánaðarmót október/nóvember.

Geðgóðar, lystugar á hey og fúlса ekki við korni.

Flóamótið

Flóamótið var haldið á íþróttavellinum við Þjorsárver strax eftir skóla eða kl 14:00 föstudaginn 2. september. Þeir krakkar sem vildu taka þátt á mótinu fóru beint út á völl eftir skóla en aðrir gátu farið heim með skólabílunum. Mótið gekk ágætlega og það voru mun fleiri krakkar að keppa í ár en á síðustu mótum og er það breyttu fyrirkomulagi að þakka. Ákveðið var að fella niður stigakeppni á milli félaga svo hvert barn var að keppa fyrir sjálft sig og allir fengu viðurkenningarskjal með árangrinum sínum á í lok mótsins. Umf. Vaka bauð upp á pulsar svo allir færu saddir heim.

Úrslitin voru þannig:

60 m hlaup stelpur 6-9 ára

Sigrún Stefánsdóttir	'02	11,4
Hrefna Sif Jónsdóttir	'04	12,1
Hallgerður Höskuldsdóttir	'04	12,5
Elizabeth Karen Gurano	'03	12,6
Aldís Tanja Söndrudóttir	'05	14,1
Guðmunda Bríet Steindórsdóttir	'04	14,8

60 m hlaup stelpur 10-12 ára

Eyrún Gautadóttir	'99	9,6
Þórunn Ösp Jónasdóttir	'99	9,7
Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	12,2
Agnes Björg Birgisdóttir	'00	12,5

Langstökk stelpur 6-9 ára

Sigrún Stefánsdóttir	'02	2,89
Hrefna Sif Jónsdóttir	'04	2,58
Klara Sól Ólafsdóttir	'03	2,44
Hallgerður Höskuldsdóttir	'04	2,26
Elizabeth Karen Gurano	'03	1,92
Guðmunda Bríet	'04	1,65
Aldís Tanja Söndrudóttir	'05	1,53

Langstökk stelpur 10-12 ára

Eyrún Gautadóttir	'99	3,82
Þórunn Ösp Jónasdóttir	'99	3,45
Kolbrún Katla Jónsdóttir	12'01	2,84

Anna Sigurveig Ólafsdóttir	'00	2,40
Arndís María Ingólfisdóttir	'01	2,20
Agnes Björg Birgisdóttir	'00	2,17
Kúluvarp stelpur 10-12 ára (2 kg)		
Þórunn Ösp Jónasdóttir	'99	6,92
Agnes Björg Birgisdóttir	'00	6,56
Eyrún Gautadóttir	'99	5,26
Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	5,00
400m hlaup stelpur 10-12 ára		
Eyrún Gautadóttir	'99	1:21,2
Þórunn Ösp Jónasdóttir	'99	1:31,2
Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	2:04,9
400m stelpur 6-9 ára		
Sigrún Stefánsdóttir	'02	1:51
Hrefna Sif Jónsdóttir	'04	1:52
Hallgerður Höskuldsdóttir	'04	2:19
Elizabeth Karen Gurano	'03	2:09
Guðmunda Bríet	'04	2:22
Aldís Tanja Söndrudóttir	'05	3:06
Ásthildur Ragnarsdóttir	'03	2:45
60m hlaup strákar 6-9 ára		
Dagur Fannar Einarsson	'02	10,9
Sæþór Atlason	'04	11,6
Ármann Baldur Bragason	'02	12,5
Elías Örn Jónsson	'03	13,3
Sigurjón Reynisson	'05	13,3
Unnsteinn Reynisson	'03	13,4
Fróði Kristinsson	'05	13,5
Daði Kolviður Einarsson	'05	13,8
Sigurður Kristinn Sigurðsson	'05	14,8
60m hlaup 10-12 ára strákar		
Stefán Narfi Bjarnason	'00	10,0
Ýmir Atlason	'00	10,2
Hólmar Höskuldsson	'99	10,3
Hannes Höskuldsson	13'99	10,4

Sigurður J Guarino	'01	11,0
Arngrímur Magnússon	'99	11,2
Hugi Snær Jónsson	'01	12,6
Jónatan Mikael Magnússon	'01	13,1
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	13,4

100m hlaup 13-15 ára strákar

Jón Þór Pálsson	'97	15,0
Alexander Másson	'98	16,1
Jóann Páll Smáráson	'97	16,2

Langstökk strákar 6-9 ára

Dagur Fannar Einarsson	'02	3,35
Sæþór Atlason	'04	2,90
Unnsteinn Reynisson	'03	2,66
Sigurjón Reynisson	'05	2,35
Elías Örn Jónsson	'03	2,16
Fróði Kristinsson	'05	2,03
Daði Kolviður Einarsson	'05	2,00
Fannar Leví Bárðarson	'05	1,92

Langstökk 10-12 ára strákar

Ýmir Atlason	'00	3,83
Stefán Narfi Bjarnason	'00	3,71
Hannes Höskuldsson	'99	3,48
Hólmar Höskuldsson	'99	3,46
Arngrímur Magnússon	'99	3,28
Sigurður J Guarino	'01	2,70
Hugi Snær Jónsson	'01	2,60
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	2,53
Jónatan Mikael Magnússon	'01	2,47

Langstökk 13-15 ára strákar

Jón Þór Pálsson	'97	3,98
Alexander Másson	'98	3,63
Jóann Páll Smáráson	'07	3,45

Kúluvarp 10-12 ára strákar (2 kg)

Stefán Narfi Bjarnason	14'00	9,13
------------------------	-------	------

Hannes Höskuldsson	'99	8,53
Arngrímur Magnússon	'99	7,51
Hólmar Höskuldsson	'99	7,44
Sigurður J Guarino	'01	6,62
Ýmir Atlason	'00	6,50
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	5,50
Hugi Snær Jónsson	'01	4,76
Jónatan Mikael Magnússon	'01	4,69
Kúluvarp 13-15 ára strákar (3 kg)		
Jón Þór Pálsson	'97	8,55
Jóann Páll Smáráson	'07	7,53
Alexander Másson	'98	6,30
400m hlaup strákar 6-9 ára		
Dagur Fannar Einarsson	'02	1:44
Sæþór Atlason	'04	1:52
Sigurjón Reynisson	'05	2:10
Fróði Kristinsson	'05	2:30
Unnsteinn Reynisson	'03	2:34
Elías Örn Jónsson	'03	2:35
Daði Kolviður Einarsson	'05	2:27
400m 10- 12 ára strákar		
Hannes Höskuldsson	'99	1:30,8
Hólmar Höskuldsson	'99	1:31,7
Stefán Narfí Bjarnason	'00	1:34,7
Ýmir Atlason	'00	1:38,2
Arngrímur Magnússon	'99	1:45,1
Hugi Snær Jónsson	'01	2:04,1
Sigurður J Guarino	'01	2:04,2
800m 13-15 ára strákar		
Alexander Másson	'98	3:08,4
Jón Þór Pálsson	'97	3:25,5
Jóann Páll Smáráson	'07	4:43,9

Ekki deigur dropi í Kleppsvatni

Síðastliðinn sunnudag (11. sept.) fórum við bræðurnir frá Vorsabæjarhóli, Jón og Jason, í gönguferð um Miklavatnsmýri sem er stærsta óbyggða svæðið í Flóahreppi. Lögðum upp frá Hamri, fylgdum læknum alla leið og enduðum við Lækjarbakka. Mýrin er langt frá því að vera votlendi í dag og austan lækjarins er mikið víðikjarr að vaxa upp á hörðum vallendisbökkum. Það er umhugsunarefni hvað landið er að breytast mikið við þurrkun og friðun af beit. Eins og menn vita eru þrjú stöðuvötn á mýrinni, Bæjarvatn vestast, þá Kleppsvatn og svo Miklavatn skammt norðan Ragnheiðarstaða. Umræddur lækur sem víðast hvar heitir Stórilækur beygir til vesturs spölkorn sunnan Galtastaða og rennur gegnum Kleppsvatn rétt ofan við Lækjarbakka. Eða réttara sagt rann áður því skurður sem búið er að grafa skammt þar fyrir austan hefur vatnsborð sem er metra fyrir neðan botninn á Kleppsvatni. Vatnið er því skraufapurrt, aðeins gróðurlaus moldarflatneskja. Kunnugir menn hafa sagt mér að í fyrra hafi skurðir verið grafnir fram þarna á mýrinni og eftir það hafi Kleppsvatn þornað upp. Hvernig vatnsstaðan er á hinum vötnunum veit ég ekki enda aldrei farið þarna áður. Þarna er talsvert af skurðum og sumir ekki væðir en grunnvatnsstaðan á mýrinni virðist ekki sérlega há. Víða sáust gamlir áveitugarðar hátt fyrir ofan núverandi vatnsborð. Annað sem vakti athygli var að á öllu þessu flæmi var engi kind að sjá. Nokkrir hrossahópar komu og litu á göngumenn, nóg var grasíð og hér og þar voru brýr á skurðunum með hindrunum fyrir stóðin. Gönguferðin tók þrjá tíma enda langt frá því að leiðin lægi beint af augum. Hægt er að skoða hana í Kortasjá Suðurlands en sjón er nú alltaf kortasögu ríkari. Bestu kveðjur.

Jón M. Ívarsson

Pistillinn

Ég vil byrja á því að þakka ritstjórn Áveitunnar fyrir það traust sem hún sýnir mér með því að endurvekja pistilinn upp af þessum væra blundi sem hann hefur sofið í sumar. Mig langar til að fara með ykkur vestur á Snæfellsnes þ.e.a.s. nánar tiltekið í Staðarsveit þar sem ég er fædd og uppalin. Þar er landslagið mjög frábrugðið því sem er hér í Flóanum. Stutt er á milli fjalls og fjöru og gaman að ganga um gullnar skeljasandsfjörurnar. Hjá foreldrum mínum bjó maður sem hét Bragi Jónsson og var mjög hagamæltur. Hann kallaði sig "Ref bónda" var hann mjög stríðinn og glettinn karl.

Oftast var það svo að ef maður gerði eitthvað af sér sem krakki að þá var fljótlega komin vísa, ekki ætla ég að fara með þær hér en hann orti ljóð um Staðarsveit sem mér finnst lýsa sveitinni vel og langar mig að leifa ykkur að njóta þess með mér hér.

Að lokum langar mig að skora á Helga Stefánsson í Vorsabæ að skrifa næsta pistil.

STAÐARSVEIT

*Þú aldna sveitin yndislega' og fríða,
sem öllum þykir tígurleg að sjá,
með fuglakvak og fossahljóminn þýða
og fiskivötnin himintær og blá.
Á sumrin upp við hamrafjöllin háu,
sér hjarðir dreifa, um grösug beitolönd,
en sólin kyssir bændabýlin smáu
og bárur kveða hátt við sendna strönd.*

*Við ótíð hér þótt oft vér megum stríða,
og á oss dýnji norðanveðrin hörð,
þá kemur líka stundum blessuð bliða
og broshýr eygló vermir foldarsvörð.
Vér elskum þínar grös sum skrýddu grundir,
þú gamla sveit, vort kærsta' og dýrsta hnoss.
Vér elskum þig um allar lífsins stundir,
vél elskum þig, sem fóstrað hefir oss.*

*Vér óskum þess, að allt hið fagra' og góða,
sér eigi jafnan hjá þér vermireit.
Þú munt því hlýja ástararma bjóða,
vor aldna, göfga, fagra Staðarsveit.
Á meðan ár í ægisdjúpið líða
og upp við ströndu drynur kaldur sjár.
Vor bernskuvagga, byggðin yndisfríða,
þig blessi' og styrki guðdómskraftur hár.*

Kveðja,
Veronika Narfadóttir, Túni

Markaður í Þjórsárver

Sunnudaginn 20. nóvember verður haldinn markaður á vegum Kvenfélags Villingaholtshrepps. Markaðurinn stendur frá kl. 13:00-18:00.

Á boðstólum verður fjölbreytt úrval nytja- og skrautmuna ásamt ýmsu góðgæti. Kvenfélag Villingaholtshrepps mun selja kaffiveitingar.

Fólk, utan félagsins, er hvatt að panta sölubás. Básinn kostar 2000 kr fyrir allan daginn. Húsið opnar kl. 12:00 fyrir þá sem þurfa að koma upp básnum sínum.

Áhugasamir eru beðnir að hafa samband fyrir 15. nóv. í síma 8928295 eða senda tölvupóst á netfangið elfak@arborg.is

Við hvetum fólk til að nota tækifærið, koma í Þjórsárver og selja sínar vörur ásamt því að upplifa skemmtilega markaðsstemningu.

Kvenfélag Villingaholtshrepps

Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahrepp haustið 2011

Þjórsárver 15. október

Leiksýningin : Mamma, ÉG?

Húsið verður opnað kl. 20:30 – sýningin hefst kl. 21:00,
aðgangseyrir 2.000 kr.

*Einleikur eftir: Lilju Katrínu Gunnarsdóttur og Svan Má Snorrason,
leikkona: Lilja Katrín Gunnarsdóttir, leikstjóri: Ástbjörg Rut Jónsdóttir,
tæknimaður: Stefán Benedikt Vilhelmsson*

Hér er á ferð gamansamur einleikur eftir nýbakaða móður um meðgöngu, fæðingu og sjálft móðurhlutverkið. Lilja Katrín var með lífið planað. Hún

ætlaði aldrei að vera mamma enda miklu skemmtilegra að djamma, djúsa og fara í skemmtistaðasleiki á sóðalegum börum. En lífið henti Lilju út í djúpu laugina eitt vorkvöld í Köben. Hún varð ólétt eftir einnar nætur gaman og eftir miklar hugleiðingar fram og til baka ákvað hún að eignast barnið. Það var hægara sagt en gert. Lilja komst að því að það var ótal margt sem hún hafði ekki hugmynd um er varðar meðgönguna. Konur tala ekki um gyllinæð, þvagleka, skeggvöxt og bjúg heldur einblína á að meðgangan, fæðing og það að verða mamma sé bara frábært, æðislegt og meiriháttar - sem það er vissulega, en ekki alltaf.

Hér er á ferð einleikur sem allir geta haft gaman að - hvort sem það eru óléttar konur, ömmur, afar, bræður, systur, mömmur, pabbar og allir þeir sem hafa hugleitt barneignir eða þekkja einhvern sem hefur gengið í gegnum þetta ferli. Komið með í ferðalag um ævintýraheima bleyjuskípta, ungbarna, brjóstagjafar og ælubletta, hlæjið ykkur máttlaus og táríst af gleði.

Sigurður Ingi Sigurðsson í Hamarskoti (fyndnasti maður Suðurlands) verður með uppistand.

Miðapantanir í síma: 898-8779 (Elli)

Þingborg 5. nóvember

Helgi Björns og reiðmenn vindanna

**Húsið opnar kl. 20:30 – tónleikarnir hefjast kl. 21:00,
aðgangseyrir 3.500 kr.**

Helgi Björns og reiðmenn vindanna, sem eru að gera allt vitlaust þessa daganna, verða með stórtónleika í **Flóanum**. Frá því að fyrsta plata Helga Björns og Reiðmanna kom út hafa þeir notið dálætis þjóðarinnar, með því að sækja í sönglaga arfinn, fríska upp á gamla gimsteinna sem þjóðin hefur sungið í gegnum áratugina og blandað saman gömlum hesta og útilegu söngvum, við dægurlög sem eiga sérstakan stað í þjóðarsálinni.

Miðapantanirí síma:691-7082 (Inga)

**Látið þessa menningaviðburði ekki fram hjá ykkur fara,
takið upp símtólið og pantið strax**

Vonumst til að sjá ykkur öll

Dagskrá mánaðarins

Æfing eldri í Þingborg	4. október
Kirkjukórsæfing í Villingaholtskirkju	4. október
Æfing yngri	5. október
Messa í Villingaholtskirkju	9. október
Glímuæfing	10. október
Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishr.	10. október
Æfing eldri	11. október
Prjónakvöld í Þjórsárveri	11. október
Æfing yngri	12. október
Haustfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr	13. október
Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshr.	13. október
Láta vita um þátttöku á dansnámskeiði	15. október
Tónahátíð í Þjórsárveri	15. október
Glímuæfing	17. október
Æfing eldri	18. október
Æfing yngri	19. október
Söngkvöld í Þjórsárveri	22. október
Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku	23. október
Glímuæfing	24. október
Prjónakvöld í Þjórsárveri	24. október
Æfing eldri	25. október
Kirkjukórsæfing	25. október
Æfing yngri	26. október
Námskeið í brjóstsykursgerð	27. október
Glímuæfing	31. október
Tónahátíð í Þingborg	5. nóvember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160